



Ársskýrsla

2013

Inngangur	3
Saga, hlutverk og markmið	3
Hlutverk Samvinnu	3
Nokkur lykilatriði um hugmyndafræði og endurhæfingu hjá Samvinnu	4
Stjórn og stjórnarfundir	6
Þjónustusamningur	7
Starfsfólk	7
Samstarfsaðilar og kennarar	7
Þátttakendur	9
Tilvísanir	9
Kynjaskipting þátttakenda	11
Aldur þátttakenda	12
Endurhæfingin	13
Sérsniðin endurhæfing	16
Sérsniðin meðferð	17
Útskrift	17
Samstarf, þátttaka í ráðstefnum og símenntun	18
Mat á árangri og söfnun tölulegra upplýsinga	19
Árangur	23
Lokaorð	25

Inngangur

Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir starfsemi Samvinnu starfsendurhæfingar á Suðurnesjum árið 2013. Farið verður yfir hvaða þátttakendur voru í endurhæfingu, hvað endurhæfingin innihélt og hver árangur af henni var. Einnig er gerð grein fyrir hverjir störfuðu fyrir Samvinnu, þjónustusamningum, samstarfi við aðra og mati á árangri.

Saga, hlutverk og markmið

Samvinna, starfsendurhæfing á Suðurnesjum er sjálfseignarstofnun sem stofnuð var þann 15. maí 2008. Frá því að starfsemi Samvinnu hófst haustið 2008 hafa verið teknir inn um 360 þátttakendur. Virk, starfsendurhæfingarsjóður er stærsti viðskiptavinur Samvinnu og greiðir fyrir endurhæfingu flestra einstaklinganna. Starfsemi Samvinnu fer fram að Krossmóa 4, 3 hæð.

Hlutverk Samvinnu

Hlutverk Samvinnu er að veita starfsendurhæfingu einstaklingum með heilsubrest sem standa utan vinnumarkaðar og eru að vinna að endurkomu þangað.

Markmið

- Að þátttakandi fari í atvinnu að endurhæfingu lokinni og/eða í áframhaldandi nám.
- Að stuðla að auknum lífsgæðum þátttakenda.
- Að stuðla að auknum lífsgæðum fjölskyldu þátttakandans.
- Að endurhæfing fari að sem mestu leyti fram í heimabyggð.

Samvinna býður upp á alhliða atvinnutengda endurhæfingu í samstarfi við félags- og heilbrigðisyfirvöld, mennta- og fræðslustofnanir og aðra tengda aðila á svæðinu. Þátttakandi er sjálfur virkur í sinni endurhæfingu frá upphafi þar sem hann kemur með virkum hætti að gerð endurhæfingaráætlunar sinnar. Endurhæfingin er einstaklingsbundinn og tekur mið af þörfum einstaklingsins. Skipta má endurhæfingunni niður í fjögur svið þ.e. félagslegt, læknisfræðilegt, sálfræðilegt og námstengda . Endurhæfingin inniheldur t.d.; bóklegt nám, fjármálaráðgjöf, sálfræðiviðtöl, hópefli, sjálfsstyrkingu og líkamsþjálfun og ýmsa aðra sérsniðna meðferð eða ráðgjöf. Þátttakendur fara auk þessa í starfsþjálfarnir í fyrirtæki á Suðurnesjum.

Nokkur lykilatriði um hugmyndafræði og endurhæfingu hjá Samvinnu

Grunnhugmyndin af endurhæfingu hjá Samvinnu er sótt til líkans sem hannað var á Húsavík árið 2003 og kallast í dag Byr. Hugmyndafræðin og útfærslan hefur verið í þróun hjá Samvinnu frá árinu 2008 og tekur mið að þörfum einstaklinganna og samfélaginu á Suðurnesjum. Endurhæfing í Samvinnu er einstaklingsmiðuð en fer að miklu leyti fram í hópi. Rannsóknir á Byr úrræðinu hafa sýnt að stuðningur hópsins hefur oft ráðið úrslitum um árangur endurhæfingarinnar. Einnig að tilvist persónulegs ráðgjafa/tengiliðs sé mikilvæg.

Heildræn nálgun og samvinna stofnanna

Í endurhæfingunni er unnið á heildrænan hátt út frá líkamlegri, sálrænni og félagslegri stöðu einstaklingsins og leitast er við að finna heildstæða úrlausn á vanda hvers þátttakanda. Áhersla er lögð á náð samstarf allra stofnanna sem að tengjast einstaklingnum þannig að allir séu að vinna að sama markmiði. Einnig er lögð áhersla á náð samstarf við Vinnumálastofnun Suðurnesja og atvinnulífið á svæðinu.

Ráðgjafi – tengiliður

Eitt af lykilatriðum í uppbyggingu endurhæfingar hjá Samvinnu er að hver þátttakandi hefur sinn ráðgjafa sem er tengiliður hans við aðrar stofnanir sem koma að hans málum. Ráðgjafinn heldur utanum alla þætti endurhæfingarinnar. Þátttakandinn mætir reglulega í viðtöl þar sem lagt er mat á stöðuna og markmið og leiðir ræddar.

Einstaklingsmiðuð endurhæfing í hópi

Þátttakandinn er sjálfur virkur í sinni endurhæfingu frá upphafi þar sem hann kemur með virkum hætti að gerð endurhæfingaráætlunar sinnar. Markmiðið er að þátttakandinn verði meðvitaður um stöðu sína og þá ábyrgð sem hann hefur á sjálfum sér í endurhæfingunni. Í upphafi er áhersla lögð á einstaklinginn, þarfir hans og endurhæfingaráætlun er útbúin. Áherslan flyst síðan yfir á hóp þátttakenda jafnhliða því sem unnið er með einstaklinginn. Einstaklingurinn getur fengið mikinn stuðning frá hópnum og í samspili við hann getur hann eflt ýmsa færni. Einstaklingurinn þarf síðan að sleppa hópnum og sýna sjálfstæði.

Námstengd endurhæfing

Nám hjá Samvinnu getur bæði innihaldið formleg bóknámsfög til dæmis; íslensku, ensku og stærðfræði auk fræðslu sem eykur getu þátttakenda til að takast á við daglegt líf og gera breytingar á lífstíl sínum. Námið er einnig vettvangur til þess að vinna með viðhorf, sjálfsmynd og sjálfstraust þátttakenda. Þar fá þeir tækifæri til að upplifa litla sigra og kynnast því hvernig það er að ná árangri. Trú á sjálfan sig og áhugi ásamt jákvæðum væntingum er talið vega þyngra en fyrri vinnureynsla hvað varðar möguleika á að snúa aftur til vinnu.

Nám á framhaldsskólastigi getur aukið möguleika einstaklings á vinnumarkaði enda hafa flestir í endurhæfingunni einungis lokið grunnskólanámi. Menntun eflir trú á eigin áhrifamátt þar sem hún hefur áhrif á vitneskju fólks um eigin hæfni og áhrif. Þá eykur hún sjálfstraust og fólk getur valið úr fleiri störfum og tekið mið af líkamlegri getu. Námið hjá Samvinnu er skipulagt með ákveðna þætti í huga t.d. að fögin efli sjálfstraust, virkni, tjáningu, félagsfærni og samskipti.

Lengd endurhæfingar og endurhæfingarleiðir

Tímalengd endurhæfingar hjá Samvinnu getur verið mjög misjöfn allt frá 1 mánuði upp í 2-3 ár. Reynt er að mæta einstaklingnum þar sem hann er staddur og endurmeta reglulega endurhæfingarþörf hans. Algengast er að endurhæfingin vari í 3 – 18 mánuði. Á mynd 1 má sjá endurhæfingarleiðir Samvinnu. Algengast er að einstaklingar byrji á Grunnlínu og taki síðan ef þörf er á Atvinnulínu eða Náms- og heilsulínu. Einnig er hægt að byrja beint á Atvinnulínu ef einstaklingurinn er staddur þar. Frá haustinu 2013 er í boði styttri endurhæfingarlína sem heitir Af stað, heilsu- og lífstílshópur Samvinnu. Stefnt er að því að sá hópur verði fyrsta skrefið inn í endurhæfingu hjá Samvinnu. Hópurinn hentar vel fyrir þá einstaklinga sem eru að hefja endurhæfingu og þurfa á endurhæfingu í hóp að halda. Um er að ræða snemmbært inngrip sem hentar vel sem stök endurhæfingarleið, undanfari að lengri endurhæfingu eða sem stuðningur á biðtíma.

Stjórn og stjórnarfundir

Stjórn Samvinnu er kosin á ársfundi til tveggja ára og er skipuð fimm fulltrúum stofnfélaga og fimm til vara. Á ársfundi í ágúst 2012 var kosið í stjórn Samvinnu fyrir árin 2012 – 2014 en gera þurfti breytingar á stjórn á ársfundi í maí 2013. Linda Ásgrímsdóttir fulltrúi VMST í stjórn Samvinnu var að flytjast til í starfi og hætti því stjórnarsetu hjá Samvinnu. Einnig var Sigríður Snæbjörnsdóttir varamaður fyrir HSS í stjórn Samvinnu að hætta hjá HSS svo hún fór einnig úr stjórninni. Stjórn Samvinnu gerði það að tillögu sinni að í stað Lindu sem var aðalmaður komi eftirmaður hennar Íris Guðmundsdóttir og í stað Sigríðar komi Ingibjörg Steindórsdóttir hjúkrunarfræðingur hjá HSS inn sem varamaður í stjórn Samvinnu. Þessi tillaga var samþykkt einróma.

Stjórn Samvinnu fyrir árin 2012 – 2014 skipa:

- Aðalmaður: Guðbrandur Einarsson – Verslunarmannafélag Suðurnesja
 - Varamaður: Kristján Gunnarsson – Verkal. og sjómannafélag Keflav. og nágr.
- Aðalmaður: Hjördís Árnadóttir – Reykjanesbær
 - Varamaður: Nökkvi Már Jónsson – Grindavíkurbær
- Aðalmaður: Ólafur S. Magnússon – Félag iðn- og tæknigreina
 - Varamaður: Kristín Þyrí Þorsteinsdóttir – Sveitarfélögin Sandgerði, Garður og Vogar
- Aðalmaður: Guðjónína Sæmundsdóttir – Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
 - Varamaður: Kristján Ásmundsson – Fjölbrautaskóli Suðurnesja
- Aðalmaður: Linda Ásgrímsdóttir– Vinnumálastofnun til 23. apríl 2013, eftir það Íris Guðmundsdóttir.
 - Varamaður: Sigríður Snæbjörnsdóttir – Heilbrigðisstofnun Suðurnesja til 23. apríl 2013, eftir það Ingibjörg Steindórsdóttir.

Fyrir fundinum lá að kjósa endurskoðanda fyrir Samvinnu í samræmi við skipulagsskrá. Fram kom tillaga frá stjórn Samvinnu um að endurskoðunarskrifstofa Gunnars Hjaltalíns sæi um endurskoðun og ársreikningagerð vegna ársins 2013. Var tillaga stjórnar samþykkt einróma.

Haldnir voru þrír stjórnarfundir á starfsárinu, helstu mál á dagskrá voru fjármál Samvinnu og samningar við Velferðaráðuneytið og Virk. Einnig fóru fram umræður um starfsemi Samvinnu og þróun á nýjum endurhæfingarlínum ásamt öðrum málum. Stjórnin skiptir með sér verkum, Guðjónína er stjórnarformaður, Hjördís varaformaður en framkvæmdarstjóri Samvinnu ritar fundargerðir.

Þjónustusamningur

Þjónustusamningur Samvinnu við Velferðaráðuneytið rann út í árslok 2013 en endalegt samkomulag var undirritað í maí 2013 sem hljóðaði upp á rúmar 24.000.000 kr. Í nóvember 2013 var undirritaður nýr samningur við Virk starfsendurhæfingarsjóð með gildistíma út desember 2014. Á fyrri hluta árs var samningurinn við ríkið fullnýttur þ.e. öll 50 plássin en um haustið fór fjöldi plássna niður í 20. Auk þess voru að jafnaði 20 – 25 einstaklingar í þjónustu á vegum VIRK starfsendurhæfingarsjóðs um vorið og 50 um haustið.

Starfsfólk

Fastir starfsmenn Samvinnu voru þetta starfsár:

- Gerður Pétursdóttir, framkvæmdarstjóri, 100% starfshlutfall.
- R. Helga Guðbrandsdóttir, þroskaþjálfari, 90% starfshlutfall.
- María Rós Skúladóttir félagsráðgjafi, 90% starfshlutfall, 100% frá 1. október 2013.
- Rannveig Sigríður Ragnarsdóttir, félagsráðgjafi, 75% starfshlutfall.

Auk þeirra var Una Björk Kristófersdóttir félagsráðgjafanemi í starfsnámi frá janúar til maí og í tímabundnu 100% starfi frá því að starfsnámi lauk um miðjan maí og út júnímánuð.

Samstarfsaðilar og kennarar

Eins og fyrri ár var mikið samstarf við Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum og þá helst í tengslum við bóklegt nám og starfsfræðslu. Ákveðinn stöðugleiki er kominn í hóp helstu samstarfsaðila og mikilvæg reynsla er að myndast. Starfsfólk Samvinnu sá um hluta af kennslunni en þar að auki kom fjöldi fagaðila af starfinu hjá Samvinnu.

Eftirtaldir fagaðilar komu að kennslu og fræðslu hjá Samvinnu árið 2013

- Anna Karen Friðriksdóttir, enska
- Anna Lóa Ólafsdóttir, sjálfstyrking, náms- og starfsráðgjöf
- Ásdís Ragna Einarsdóttir, grasalæknir, næring og heilsa
- Gerður Pétursdóttir, vinnustaðamenning, starfsandi ofl.
- Guðrún Daníelsdóttir, tjáning og framkoma
- Guðrún Ólafsdóttir, kertagerð.
- Helga Jóhanna Oddsdóttir, markþjálfun
- Helga Margrét Guðmundsdóttir, gjörhygli
- Hulda Sævarsdóttir, Hugræn atferlismeðferð
- Jónína Magnúsdóttir, námstækni og starfsfræðsla
- Katrín Ósk Garðarsdóttir, fjármálanámskeið og drauma og drekanámskeið
- María Rós Skúladóttir, heilsutengd fræðsla
- Marta Markúsdóttir, vinnustofur
- Ottó Valur Ólafsson, upplýsingatækni
- R. Helga Guðbrandsdóttir, vinnustofur og starfsfræðsla
- Rannveig Ragnarsdóttir, heilsutengd fræðsla
- Sara Dögg Gylfadóttir, vinnustofur
- Sóley Birgisdóttir, matreiðsla og heilsutengd fræðsla
- Unnar Sigurðsson, sjálfstyrking, íslenska, stærðfræði og félagsfræði

Boðið var upp á fjölbreytta hreyfingu að venju, á vorönn var í boði Metabolic ásamt göngum og tækjasal undir leiðsögn Guðrúnar Hildar Jóhannsdóttur. Á sumarönn kenndi Ágústa Gizurardóttir jóga og Anna Pála Magnúsdóttir sjúkraþjálfari leiðbeindi í tækjasal í Sporthúsinu. Á haustönn var aftur í boði Metabolic hjá Guðrúnu Hildi og fleirum auk jóga hjá Ágústu. Sú nýng var tekin upp að sjúkraþjálfari var til aðstoðar inn í Metabolic tímunum og reyndist það vel.

Fjölmargir aðrir komu með staka fyrirlestra og námskeið fyrir þátttakendur og er það gæfa Samvinnu hve margir hæfir einstaklingar koma að starfinu.


Meðal annarra samstarfsaðila má nefna fjölskyldu- og félagsþjónustu sveitarfélaga á Suðurnesjum, Björgina Geðræktarmiðstöð, lækna og annað starfsfólk Heilbrigðisstofnun Suðurnesja ásamt fjölda fyrirtækja á Suðurnesjum sem taka á móti þátttakendum í starfsþjálfarnir.

Þátttakendur

Hjá Samvinnu eru að jafnaði um 70 - 75 þátttakendur í endurhæfingu samtímis í þremur hópum. Einnig eru alltaf einhverjir einstaklingar í sérsniðinni endurhæfingu utan hópa. Á meðan ríkissamningurinn var í gildi gátu fagaðilar sent tilvísanir beint til Samvinnu en frá haustinu 2013 bárust allar tilvísanir frá Virk. Í þessum kafla er skýrt frá því hvaðan tilvísanir bárust vorið 2013 og hvert kyn og aldur þátttakenda var í hópunum þetta árið.

Tilvísanir

Í febrúar 2013 hóf tíundi tíundi hópur þátttakenda endurhæfingu hjá Samvinnu. Alls bárust 38 tilvísanir. Af þessum 38 tilvísunum hlutu 30 manns inntöku og var þeim vísað frá eftirfarandi aðilum:




Mynd 1 – Tilvísendur vor 2013– hófu þátttöku

VIRK og Fjölskyldu- og félagsþjónusta Reykjanesbæjar voru stærstu tilvísunaraðilarnir og í þessum hóp stækkar hlutur þeirra frá fyrri hópum. Færri aðilar vísa en áður og engum þátttakenda var vísað frá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sem er mjög athyglisvert.

Í apríl 2013 vísuðu ráðgjafar Virk 23 einstaklingum í endurhæfingu hjá Samvinnu en ákveðið var að fara af stað með Atvinnulínu í maí að ósk Virk. 14 einstaklingar fóru beint á Atvinnulínu, 6 þurftu á meiri endurhæfingu að halda og byrjuðu því á Heilsulínu og einn einstaklingur fór beint í starfsþjálfun á vinnustað.

Um haustið var Virk nánast eini tilvísunaraðilinn en 55 einstaklingar hófu endurhæfingu og þar af vísaði Virk 47 aðilum, félagsþjónusta Sandgerðis, Garðs og Voga einum í Af stað úrræðið og Vinnumálastofnun Suðurnesja 7 aðilum í sama úrræði. Skiptingu nýrra þátttakenda í úrræði má sjá á mynd nr.2.




Mynd 2 – Skipting nýrra þátttakenda á línur haust 2013




Vinnustofur

Kynjaskipting þátttakenda


Konur hafa alltaf verið meirihluti þátttakenda hjá Samvinnu og hlutfallið yfirleitt verið 75% konur og 25% karlar, mest hefur hlutfall karla farið í 43%. Í hópi 10 eru hlutföllin 33% karlar og 67% konur. Í hópi 11 eru hlutföllin mjög lík og í hópi 10 en þó örlítið fleiri karlar. Um haustið var skipting nýrra þátttakenda eftir kyni svipuð og fyrri hluta árs en karlarnir þó aðeins fleiri eða 42% hópsins.



Mynd 3: Skipting þátttakenda eftir kyni, hópur 10 - janúar 2013




Mynd 4: Skipting þátttakenda eftir kyni, hópur 11 - apríl 2013



Mynd 5: Skipting þátttakenda eftir kyni, haust 2013


Aldur þátttakenda

Þátttakendur voru á aldrinum 21 – 64 ára í hópi 10 og meðalaldur þátttakenda var 36 ár sem er hærri en fyrri ár en þar hefur meðaltalið verið frá 29 – 33 ár




Mynd 6: Aldursdreifing þátttakenda í hópi 10, vor 2013

Í hópi 11 er dreifingin svipuð en meðalaldurinn hækkar í 42 ár sem er það hæsta sem verið hefur hjá Samvinnu.



Mynd 7: Aldursdreifing þátttakenda í hópi 11, apríl 2013

Um haustið voru nýir þátttakendur á aldrinum 21 – 52 ára og meðalaldur þeirra 40 ár, 67% þátttakenda er fólk á aldrinum 27- 47 ára og 24% er 30 ára eða yngri.



Mynd 8: Aldursdreifing nýrra þátttakenda, haust 2013

Það sem helst vekur athygli þegar að kynjaskipting og aldursdreifing nýrra þátttakenda á árinu 2013 er skoðuð er að meðalaldur fer hækkandi og körlum fjölgar.

Endurhæfingin

Innihald endurhæfingar hjá Samvinnu er orðið nokkuð mótað, reynt er að bjóða upp á þrjár línur á hverri önn; Grunnlínu, Náms- og heilsulínu og Atvinnulínu. Auk þess er alltaf nokkur fjöldi í sérsniðinni endurhæfingu.

Vorönn 2013

Stefnt var á að keyra Grunnlínu, Atvinnulínu og Náms-og heilsulínu á vorönn 2013. Fella þurfti niður Námslínuna eftir tvær vikur sökum þess hve fáir þátttakendur voru á henni. Þátttakendur á Námslínu voru fluttir í Grunnmenntaskólann og gekk það ágætlega en þó er ljóst að Námslína Samvinnu hentar fólki í endurhæfingu mun betur þar sem þar er hlúð að fleiri þáttum en bóklegu námi. Næg þátttaka fékkst á hinar tvær línurnar og voru þær með hefðbundnu sniði.

Grunnlína 11 vikur		Atvinnulína 12 vikur	
Fag	Stundir	Fag	Stundir
Íslenska	20	Starfsfræðsla	36
Enska	20	Tjáning og framkoma	15
Fjármálanámskeið	15	Tölva	15
Verkefnatímar	5	Vinnustofur	15
Draumar og drekar	15	Hreyfing	5
Vinnustofur	27	Starfsþjálfun (einstaklingsbundið)	54
Hreyfing	20	Fjöldi tíma á önn	140
Sjálfsstyrking	20		
Fræðsla/hópfundir	20		
Fjöldi tíma á önn	166		

Tafla 1: Innihald Grunn- og Atvinnulínu vor 2013

Sumarönn 2013

Sú nýbreytni var tekin upp að selja pláss á Sumarlínu í fyrsta skipti og einnig var boðið upp á Atvinnulínu í apríl. Það var því óvenju mikil starfsemi í gangi á vor og sumarmánuðum og var dagskrá fyrir þátttakendur út júnímánuð. Atvinnulínan var með hefðbundnu sniði en innihald Sumarlínu má sjá á töflu 2.

Sumarlína
Árangur - markþjálfunarnámskeið
HAM - námskeið
Gjörhygli - námskeið
Útivist og göngur
Fræðsla; næring, heilsa, o.fl.
Kynnisferðir í menntastofnanir og fyrirtæki
Tölvur - almenn tölvunotkun
Grúppur (fíkn, uppeldi, kvíðaraskanir)
Námstækni
Vinnustofur
Hreyfing og slökun


Tafla 2: Innihald Sumarlínu vor 2013

Skrifstofa Samvinnu var lokuð í fimm vikur um sumarið og þátttakendur fengu sjö vikna sumarfrí en mættu í viðtöl og unnu sjálfstætt að sínum markmiðum.

Haustönn 2013

Á haustönn 2013 voru allar fastar línur Samvinnu í boði, Grunnlína, Atvinnulína og Náms- og heilsulína og var innihald með hefðbundnum hætti. Auk þess var boðið upp á nýja endurhæfingarlínu sem kallast Af stað. Í tengslum við samningagerð við Virk var sett upp nýtt flæðirit yfir endurhæfingarferlið hjá Samvinnu, sjá mynd nr. 9.

Endurhæfingarleiðir hjá Samvinnu



Hægt er að vera lengur en eitt tímabil á Heilsu- og námslínu, námsefnið er kennt í lotum.

Mynd 9: Yfirlit yfir fastar endurhæfingarleiðir hjá Samvinnu, haust 2013

Hugmyndin með Af stað var að vera með hóp sem er í gangi mestallt árið þannig að bið eftir endurhæfingu verði sem styðst. Af stað var einnig kynnt fyrir Vinnumálastofnun Suðurnesja og sveitarfélögunum á Suðurnesjum og keypti Vinnumálastofnun sjö pláss og Félagsþjónusta Sandgerði, Garðs og Voga eitt pláss á haustönn 2013. Um tilraunaverkefni var að ræða og voru plássin seld á mjög vægu verði. Á fyrstu þremur lotunum af Af stað var boðið upp á fræðslu um næringu og almenna heilsueflingu, hreyfingu við hæfi undir leiðsögn sjúkráþjálfara og heilsufarsmælingar. Einnig var boðið upp á sjálfsstyrkingu, hópefli, slökun og ýmiskonar fræðslu t.d. um fjármál, líkamsvitund, vinnumarkað og starfsfræðslu. Dagskrá var fjóra daga vikunnar tvo tíma í senn, alls 32 tíma á mánuði.

Sérnsniðin endurhæfing

Að venju var hluti af þátttakendum Samvinnu í sérnsniðinni endurhæfingu. Um vorið voru flestir í námi en um haustið fjölgaði þeim þar sem starfsþjálfun var þungamiðjan í endurhæfingunni. Einstaklingar í námi stunduðu allir hlutanám eða einstök námskeið. Samvinna greiddi skólagjöld og bókakostnað fyrir þessa þátttakendur ýmist að hluta til eða að fullu. Fjöldi í sérnsniðinni endurhæfingu er svipaður milli anna ef litið er burt frá því að margir fóru í Grunnmenntaskólann á vorönn þar sem fella þurfti niður Námslínu Samvinnu.

Vor 2013

Menntastofnun	Fjöldi
MSS - Menntastoðir	5
MSS - Grunnmenntaskólinn	10
MSS - Félagsliðabré	1
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	6
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	1
Háskólinn á Akureyri	1
Keilir - Háskólabré	1
Samtals	25

Tafla 3: Yfirlit yfir sérnsniðna endurhæfingu vor 2013

Haust 2013

Menntastofnun	Fjöldi
MSS - Menntastoðir	2
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	4
Háskólinn á Akureyri	1
Samtals	7

Starfsþjálfun/stuðn. í starfi	Fjöldi
Starfsþjálfun á vinnustað	5
Stuðningur í starfi	2
Samtals	7

Tafla 4: Yfirlit yfir sérnsniðna endurhæfingu haust 2013

Auk þess að fylgja dagskrá endurhæfingarlínanna fá þátttakendur regluleg viðtöl hjá ráðgjafa sínum. Þeir sækja einnig sérnsniðna meðferð t.d. sálfræðiviðtöl, sjúkráþjálfun, fjölskylduráðgjöf, fundi hjá AA samtökunum o.s.frv. Í næsta kafla verður gerð grein fyrir sérnsniðinni meðferð.

Sérsniðin meðferð

Umfang sérsniðinnar meðferðar var svipað og á síðasta ári nema aðkeypt sálfræðiviðtöl jukust um 39% eða úr 163 viðtölum í 226 viðtöl. Svipaður fjöldi sótti einkaráðgjöf hjá fjármálaráðgjafa. Samvinna lét fara fram sálfræðilegar greiningar á tveimur einstaklingum, ADHD greiningar á fjórum og ráðgjöf hjá hinum ýmsu sérfræðingum jókst. Dæmi um aðra sérsniðna meðferð sem greitt var fyrir á árinu er; einkakennsla í lestri, talþjálfun vegna stams og fjölskylduráðgjöf. Tveir sálfræðingar störfuðu aðallega fyrir Samvinnu þetta árið; Sjöfn Ágústsdóttir frá Miðstöð Sálfræðinga og Hulda Sævarsdóttir frá Björginni. Katrín Garðarsdóttir sinnti fjármálaráðgjöf og auk þeirra kom fjöldi sérfræðinga að málefnum þátttakenda hjá Samvinnu.

Útskrift

Í maí 2013 útskrifaðist 18 manna hópur eftir mislangt endurhæfingartímabil. Við útskrift hafði um 67% hópsins náð markmiðum endurhæfingarinnar og voru komnir í nám, vinnu eða atvinnuleit. Með breyttu fyrirkomulagi endurhæfingarinnar er nauðsynlegt að breyta fyrirkomulagi útskrifta. Þátttakendur eru að koma inn á mismunandi tíma og margir eru í einstaklingsmiðaðri endurhæfingu og þá sérstaklega í lok endurhæfingar. Það er sjaldgæft að stór hópur haldist í hendur í þrjár annir eins og áður var. Þetta var því í síðasta skipti sem útskriftarathöfn með þessu sniði var haldin hjá Samvinnu. Í júní luku 23 til viðbótar endurhæfingu og var því fagnað með sameiginlegu lokahófi og ferð um Reykjanesið. 26 manns luku endurhæfingu í lok árs 2013 en margir þeirra voru úr fyrsta Af stað hópnum og flestir hinna voru í sérsniðinni endurhæfingu utan Samvinnu. Reglan er að allir fá skírteini í lok hvernar línu og fagnað er með lokahófi þar sem boðið er upp á veitingar. Einstaklingar sem eru utan lína fá lokafund með ráðgjafa við útskrift. Það verður sífellt erfiðara að fylgjast með árangri þátttakenda þar sem sumir stoppa stutt við hjá Samvinnu og halda jafnvel áfram sinni endurhæfingu og eftirfylgd hjá ráðgjafa Virk. Framkvæmdarstjóri mun leita leiða á árinu 2014 til að koma á kerfi sem heldur utan um fjölda þátttakenda, innritanir og útskriftir.



Útskrift maí 2013

Samstarf, þátttaka í ráðstefnum og símenntun

Haustið 2012 hófust reglubundnir starfsmannafundir hjá Samvinnu einu sinni í mánuði. Á síðari hluta ársins 2013 var tíðni þessara funda aukin og eru þeir nú haldnir hálfsmánaðarlega. Á dagskrá er málefni Samvinnu t.d. innihald endurhæfingarlína og einstaklingsmál. Frá september 2013 mættu ráðgjafar Virk á Suðurnesjum á þessa fundi einu sinni í mánuði og var þá rætt sérstaklega um samstarf og skipulag innritanir og endurmat.


Í mars 2013 lagði starfsfólk Samvinnu land undir fót og fór í náms- og kynnisferð til Boston með Suðurnesjadeild Félagsráðgjafafélags Íslands. Ferðin var velheppnuð og jók tengsl við samstarfsaðila á svæðinu ásamt að gefa innblástur í starfið.

Að venju átti starfsfólk Samvinnu samstarf við fjölda aðila á árinu til dæmis var haldinn sameiginlegur starfsdagur með starfsfólki Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar í febrúar 2013. Farið var í kynnisferð á Velferðasvið Reykjavíkurborgar þar sem að Kristín Lilja Diðriksdóttir, félagsráðgjafi kynnti Grettistak, úrræði fyrir vímuefnaneytendur í bata. Einnig var Endurhæfingarsvið geðsviðs, heimsótt þar sem að Valur Bjarnason, félagsráðgjafi og Thelma Hafþórsdóttir Byrd, iðjuþjálfari kynntu þróunarverkefni um IPS – Fidelity scale. Síðari hluta dagsins var varið í umræður um m.a. þróun á starfsendurhæfingu í samræmi við ný lög og áherslur VIRK. Í október fór starfsfólk Samvinnu á Flúðir í tvo daga, byrjað var á að heimsækja Birtu, starfsendurhæfingu Suðurlands og fá kynningu á starfseminni. Síðan var rætt um starfið, stefnumótun og fleira.

María Rós Skúladóttir sótti eitt fag í sálgæslufræðum: Vellíðan í jafnvægi vorönn 2013. Gerður Pétursdóttir sótti námskeið um Lestur ársreikninga og sjóðstreymi í EHÍ. Einnig sat hún ráðstefnu á vegum Hringsjá þann 12. mars 2013 undir yfirskriftinni Starfsendurhæfing - Hvar stöndum við? - Hvert stefnum við? Þar sat hún í pallborði og tók þátt í umræðum. Hún sótti jafnframt ráðstefnu um starfsendurhæfingu og vinnugetu í framhaldi af ársfundi Virk í apríl. Haustfundur starfsendurhæfingarstöðva var haldinn í október á Selfossi og sóttu Gerður Pétursdóttir og R. Helga Guðbrandsdóttir þann fund. Þar var rætt um breytt landslag í starfsendurhæfingarmálum og Heilsustofnun NLFÍ og Viss, vinnu og hæfingarstöð heimsóttar. Fundað var reglulega með helstu samstarfsaðilum eins og VIRK og öðrum starfsendurhæfingarstöðvum.


Mat á árangri og söfnun tölulegra upplýsinga

Á hverri önn er lögð fyrir alla þátttakendur náms- og gæðakönnun sem samin er af starfsmönnum Samvinnu. Könnunin er sett upp á vefforriti og svarað á vefnum. Hún samanstendur annars vegar af spurningum sem lúta að bakgrunnsupplýsingum um þátttakendur og hinsvegar að mati á gæðum kennslunnar og skipulagningu endurhæfingarinnar. Niðurstöður eru notaðar til að bæta innihald og gæði endurhæfingarinnar, ásamt því að fylgjast með þróun og breytingum á t.d. aldri, kynjaskiptingu og vanda þeirra þátttakanda sem vísað er til Samvinnu. Í þessum kafla eru bornar saman nokkrar áhugaverðar niðurstöður úr náms- og gæðakönnun síðustu fimm ára.




Mynd 1: Hvaða menntun hafðir þú áður en þú byrjaðir hjá Samvinnu?

Eins og fyrri ár hafa langflestir þátttakendur aðeins lokið grunnskólaprófi eða hluta af framhaldsskólanámi eða 75%. 4% hafa lokið stúdentsprófi, enginn háskólaprófi og nokkrir iðnnámi. Eins og fyrri ár hefur lítill hluti ekki lokið grunnskólanámi.




Mynd 2: Hver er helsta ástæðan fyrir skertri starfshæfni og /eða atvinnuleysi? (Hér mátti merkja við fleiri en einn reit)

Þeim sem nefna geðrænan vanda fjölgar á milli ára og nú nefna tæplega 70% þann vanda. Heldur hefur dregið úr þeim sem nefna líkamlegan vanda þó enn séu rúm 50% sem velja þann möguleika. Færri nefna atvinnuástandið en mun fleiri félagslegar aðstæður eða 44%. Ljóst er að þeir sem stunda starfsendurhæfingu hjá Samvinnu glíma við heilsubrest og er hann ástæða endurhæfingar ásamt félagslegum vanda.




Mynd 3: Hvað varst þú búinn að vera lengi frá vinnu þegar að þú byrjaðir hjá Samvinnu?

Töluvert fleiri þátttakenda hafa verið tvö ár eða meira frá vinnu en fyrri ár og er það slæm þróun. Einnig að mjög fáir koma í endurhæfingu innan eins árs frá vinnumarkaði. Leita þarf leiða til þess að ná til fólks fyrr þannig að líkur á árangri aukist.




Mynd 4: Hvert stefnir þú að lokinni endurhæfingu?

Líkt og fyrri ár stefna langflestir þátttakendur í frekara nám að endurhæfingunni lokinni.



Mynd 5: Hvaðan komu tekjur þínar áður en að endurhæfingin hófst?


Þeim sem voru á framfærslustyrk sveitarfélaga áður en að endurhæfingin hófst fjölgar og eins þeim sem voru í launuðu starfi. Færri voru á atvinnuleysisbótum áður en endurhæfing hófst en árið 2012. Færri voru komnir á endurhæfingarlífeyrir áður en þeir hefja endurhæfingu.



Mynd 6: Hvaðan koma tekjur þínar núna?

Þeim sem eru á atvinnuleysisbótum á meðan að á endurhæfingu stendur fækkar enn á milli ára einnig fækkar öryrkjum í endurhæfingunni. Langflestir þátttakendur eru á endurhæfingarlífeyrir á meðan á endurhæfingu stendur og færri framfærslu sveitarfélaga en áður.

Líkt og fyrra ár sýna niðurstöður við spurningum um ofbeldi sláandi mynd, en mikill meirihluti hefur upplifað ofbeldi af ýmsum gerðum. Aðeins 9% töldu spurninguna ekki eiga við langflestir nefna andlegt ofbeldi og einelti en færri aðrar gerðir ofbeldis en þó fjölgar þeim á milli ára. Ljóst er að rými fyrir úrvinnslu slíkra áfalla þarf að vera til staðar í endurhæfingunni.




Mynd 7: Hefur þú orðið fyrir einhverju af eftirtöldu á lífsleiðinni? Hér má merkja við fleiri en einn reit

Árangur


Breytt fyrirkomulag endurhæfingarinnar þ.e. að einstaklingar eru mislengi í endurhæfingu og fara mismunandi leiðir gerir starfsfólki Samvinnu erfiðara fyrir að fylgjast með árangri. Sumir taka einungis hluta af sinni endurhæfingu hjá Samvinnu og flytjast síðan aftur til VIRK sem vinnur áfram með málin. Í þessu kafla er varpað ljósi á afdrif þeirra einstaklinga sem luku endurhæfingu hjá Samvinnu á árinu 2013. Auk þess að halda utan um tölfræði hópsins er safnað upplýsingum um líðan þátttakenda við upphaf og lok endurhæfingar með matslistunum ASEBA og Heilsutengd lífsgæði. Meginmarkmið með endurhæfingu hjá Samvinnu eru annars vegar að fara í vinnu/nám og hinsvegar að efla lífsgæði sín og fjölskyldu sinnar. Í síðustu ársskýrslu var hringt í alla útskrifaða þátttakendur og kannað bæði virkni og framfærsla en í ár var upplýsingum safnað úr gögnum ráðgjafa og einungis virkni þátttakenda skoðuð. Ekki er vitað um afdrif allra þátttakenda þar sem ekki var farið út í símakönnun að þessu sinni en á næstu tveimur myndum er yfirlit yfir þann fjölda út frá þeim gögnum sem starfsfólk Samvinnu hefur yfir að ráða.

Af þeim 71 þátttakenda sem luku endurhæfingu hjá Samvinnu árið 2013 er vitað um 38 einstaklinga sem voru komnir í vinnu/nám eða í atvinnuleit að lokinni endurhæfingu. 33 einstaklingar eru ekki í vinnu/námi eða staða þeirra er óljós.



Mynd 8: Staða að endurhæfingu lokinni

Á mynd nr. 9 má sjá skiptingu á virkni þeirra þátttakenda sem náð hafa markmiðum endurhæfingarinnar við útskrift. Langflestir eru í vinnu eða 24, næstflestir í námi eða 11 og þrír í atvinnuleit.



Mynd 9: Hlutfallsleg skipting á virkni útskrifaðra þátttakenda

Það er mjög ánægjulegt að ná að útskrifa 38 þátttakendur í vinnu eða nám á einu ári, sérstaklega í ljósi þess hve erfið staða einstaklinganna er við upphaf endurhæfingar. Flestir hafa verið 2 ár eða lengur frá vinnu og glíma við mikinn heilsufarsvanda sem bæði er sálrænn og líkamlegur.

Mjög gott væri að hafa kerfi sem gæti haldið nákvæmlega utan um tölfræði vegna árangurs en því er ekki að skipa í dag. Mikill tími fer í að hringja út í fólk og eins er það svo að staða þeirra breytist frá mánuði til mánaðar. Unnið er að því að þróa tölfræðina og aðferðir til þess að ná að mæla árangur endurhæfingarinnar. Líklega er einfaldara að taka saman tölur í lok hvers árs, frekar en reyna að fylgjast með árangri yfir lengri tíma eins og gert var í síðustu ársskýrslu. Þó þetta séu ekki alveg nákvæmar tölur þá gefa þær samt skýra vísbendingu um að rúmlega helmingur þeirra sem ljúka endurhæfingu ná markmiðum hennar og snúa aftur út á vinnumarkaðinn eða í nám.



Matreiðslunámskeið haust 2013

Lokaorð

Fimmta starfsári Samvinnu er nú lokið og má segja að það hafi verið ár breytinganna. Í lok ársins lauk samstarfi Samvinnu við Velferðaráðuneytið sem hafði verið stærsti viðskiptavinur Samvinnu frá upphafi. Sá samningur sem starfsemi Samvinnu byggði á féll úr gildi í janúar 2010 og eftir nokkrar framlengingar var niðurstaðan sú að öll þjónustukaup flyttust til Virk. Þetta hafði að sjálfsögðu áhrif á fjárhag Samvinnu sem í fyrsta skipti frá upphafi skilar neikvæðri rekstrarniðurstöðu. Unnið hefur verið hörðum höndum að endurskipulagningu starfsins til að mæta breyttum aðstæðum. Nýjar endurhæfingarlínur hafa verið þróaðar og stöðugt er unnið að því að viðhalda og auka gæði endurhæfingarinnar. Samvinna hefur á að skipa úrvals starfsfólki sem leggur sig allt fram til þess að styðja þátttakendur sína til aukinnar starfsgetu og fyrir það ber að þakka. Umræður hafa verið um hvort fara eigi í stefnumótunarferli og ekki er ólíklegt að það verði gert á næstu misserum. Aðsókn eftir atvinnutengdri endurhæfingu er að aukast ef eitthvað er. Virk starfsendurhæfingarsjóður bætti nýverið við þriðja ráðgjafanum á Suðurnesjum. Undirrituð telur ljóst að Samvinna er komin til að vera og markmið næsta árs verður að tryggja rekstragrundvöllinn og efla og viðhalda góðu samstarfi við Virk starfsendurhæfingarsjóð. Tryggja þarf öllum þeim sem þurfa á atvinnutengdri endurhæfingu að halda þjónustu og það verður einungis gert með samstarfi allra aðila sem að málum koma þ.e. sveitarfélaga, Vinnumálastofnunar, Virk, Samvinnu og tengdra aðila. Framkvæmdarstjóri hefur á árinu haft forgöngu og beitt sér fyrir samstarfi og mun gera það áfram.

Reykjanesbæ 27.3.2014

Gerður Pétursdóttir

Framkvæmdarstjóri